

Því dæmist rétt vera.

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 2. dag desembermánaðar.

Nr. 13/1907:

Kaupmennirnir J. Gunnarsson
og S. Jóhannesson
gegn
Jóhanni Jóhannssyni.

D ó m u r:

Stefndi í máli þessu Jóhann kaupmaður Jóhannsson gaf út svohljóðandi skuldbindingarskjal hinn 5. febr. 1905: Hér með lofa eg undirskrifaður að sjá um skilvísu greiðslu á 200 — tvö hundruð — krónum, er herra trésmiður Helgi Ólafsson hefir í hyggju að fá að láni hjá Sigtryggi Jóhannessyni og Jónasi Gunnarssyni, timburmeisturum á Oddeyrj. — Þeir Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson eru félagskaupmenn og áfrýjendur máls þessa. Með því að Helgi Ólafsson, sá er nefndur er í ofanrituðu skuldbindingarskjali, skuldaði þeim töluvert fé, lögsóttu þeir stefnda Jóhann Jóhannsson til greiðslu á 200 kr. að viðbættum vöxtum, 3 kr., eða samtals 203 kr., samkvæmt skuldbindingu hans, og var málið dæmt í aukarétti Eyjafjarðarsýslu 5. nóvbr. f. á þannig, að stefndi var sýknaður og málskostnaður látinn

falla niður. Þessum dómi hafa kaupmennirnir J. Gunnarsson og S. Jóhannesson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. marz þ. á., og hafa þeir krafist þess, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendunum 203 kr. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Hinn stefndi Jóhann Jóhannsson hefir af sinni hálfu krafist þess, að dómur aukaréttarins verði staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Samkvæmt reikningi þeim, sem fram hefir verið lagður í málinu og nær yfir tímabilið janúar—júlí 1905, hefir Helgi Ólafsson haft mikil viðskifti við áfrýjendurna þessi missiri og var kominn í all-háa skuld við þá 2. júlí 1905. Aftur á móti var skuld hans mjög óveruleg 5. febrúar 1905, þá er skuldbindingarskjalið var útgefið. Það verður nú að ætla, að skjalið sé einmitt miðað við þá úttekt Helga hjá áfrýjendum, er gjörðist þá um veturinn og vorið. En nú er það sannað í málinu, að Helgi borgaði upp í skuld sína við áfrýjendur 2. júlí 1905 235 kr., að hann hafi fengið 200 kr. af þessari upphæð hjá stefnda, og að greiðsla þessi hafi beint farið fram fyrir hans tilstilli. Með svo lagaðri greiðslu hefir verið fullnægt skuldbindingu stefnda eftir áminstu skjali og geta áfrýjendur eigi gjört frekari kröfu til hans samkvæmt því. Það verður því að fallast á það, að stefndi er sýknaður með aukaréttardóminum, og ber að staðfesta dóm þenna, bæði að aðalefni hans og málskostnaðarákvæði. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að

áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjendurnir J. Gunnarsson og S. Jóhannesson greiði stefnda Jóhanni Jóhannssyni málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 9. desembermánaðar.

Nr. 37/1907:

Réttvísinn
gegn

Jens Arnbjarnarsyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, er af réttvísinnar hálfu var höfðað gegn ákærða, Jens Arnbjarnarsyni, nú húsmanni í Fagrahvammi í Ísafjarðarsýslu, og stjúpdóttur hans Guðrúnu Elísabet Kristjánsdóttur, fyrir sífjaspell o. fl., var hinn ákærði, með dómi aukaréttar Ísafjarðarsýslu 30. júní þ. á., sem áfrýjað er til yfirdómsins samkvæmt ósk hans og að því er hann einn áhrærir, dæmdur samkvæmt 163. gr., 163. gr. sbr. 45. gr., 174. gr. og 175. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4 ára